

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli
fyrir frystan hörpudisk sem framleiddur verður frá 15. júlí
til 30. september 1987.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll fyrir frystan hörpudisk, sem framleiddur verður frá 15. júlí til 30. september 1987.

Laus- og blokkfrystur hörpudiskur:	SDR pr. lb. cif.
Færri en 60 stk. í lb.	3,09
Fleiri en 60 stk. í lb. og óflokkað	2,86
Hálfhreinsaður	1,41
Rauður og brotinn	1,73

Verðbil verður 5%.

Greiðslur í eða úr sjóðnum nema 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu eða frádrægnu verðbili.

Verðin miðast við viðskiptagengi (skilagengi) eins og það verður á hverjum tíma.

Sjávarútvegsráðuneytið, 29. júlí 1987.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Kristín Magnússon.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá m rafveitna.

Samkvæmt 25. gr. orkulaga nr. 58 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest breytingar á gjaldskrá eftirtalinnna rafveitna, er öðlist þegar gildi:

Gjaldskrá Rafveitu Sauðárkróks, nr. 20, 21. janúar 1987:

Allir liðir gjaldskrárinnar hækki um	8,5%
nema liðir A2, D1 og D3 sem hækki um	9,5%

Gjaldskrá Rafveitu Siglufjarðar, nr. 149, 26. mars 1987:

Allir liðir gjaldskrárinnar hækki um	10,8%
nema hitataxtar sem hækki um	11,4%

Iðnaðarráðuneytið, 4. ágúst 1987.

F. h. r.

Árni Þ. Arnason.

Guðrún Skúladóttir.